Nr. 60.
10. nóvbr.

Lög
um
beitutekju.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sjerhver sá, er heimild hefur til fiskveiða í landhelgi, má á land setja skelfisksbeituverkfæri sín og farvið af skipi sínu, þar sem ekki er friðlýst æðarvarp, selalátur eða árós, sem laxveiði er í. Fyrir þetta skal hann greiða 1 krónu fyrir hvern sólarhring í hvert skipti, sem hann tekur beitu. Fyrir skemmri tíma greiðist sama gjald.

2. gr.

Eigi má beitu taka í netlögum, nema ábúandi jarðar leyfi. Netlög eru 60 faðmar í sjó út frá stórstraums fjörumáli. Gera skal formaður ábúanda viðvart í hvert skipti, er hann ætlar að taka beitu fyrir landi hans samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Nú verður jörð fyrir usla af beitutekjumönnum, og skal formaður gjalda fyrir það skaðabætur eptir óvilhallra manna mati.

4. gr.

Formaður greiðir gjald það, er nefnt er í 1. gr. áður en hann fer af beitufjöru, nema öðruvísi sje um samið. Sjeu ábúendur fleiri en einn, má greiða gjaldið einum þeirra, enda hafi enginn umboðsmaður gefið sig fram af hinna hálfu.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 10. nóvember 1905.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Nr. 60.
10.
Novbr.

Lov

om

Optagelse af Agn-Musling.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Enhver, som har Ret til at drive Fiskeri paa Søterritoriet, maa overalt paa Land anbringe sine Redskaber til Optagelse af Agn-Musling samt de øvrige til hans Baad hørende Redskaber, undtagen hvor der er fredlyst Varpested for Edderfugle, Garnsætningssted for Sælhunde eller ved Mundingen af en Flod, hvor der er Laksfiskeri. Herfor skal den paagældende betale 1 Krone for Døgnet hver Gang han optager Agn-Musling. For en kortere Tid erlægges det samme Beløb.

§ 2.

Agn-Musling maa ikke uden Samtykke fra Jordens Opsidder optages indenfor Garnsætningsmaal. Garnsætningsmaalet rækker 60 Favne ud i Søen, beregnet fra Ebbemaal i Springtid. Hver Gang Agn-Musling agtes optaget udfor en andens Ejendom i Henhold til § 1 skal Baadføreren give Opsidderen Underretning derom.

§ 3.

Hvis der af Baadfolkene forvoldes Skade paa vedkommende Jordejendom i Anledning af Agn-Muslingens Optagelse, skal Baadføreren erlægge en af uvillige Mænd bestemt Skadeserstatning derfor.

§ 4.

Baadføreren skal, naar anden Aftale ikke foreligger, betale den i § 1 omhandlede Afgift, forinden Optagelsesstedet forlades; er der flere Opsiddere paa Jorden, kan Betalingen erlægges til een af dem, saafremt ingen har meldt sig som Befuldmægtiget for de andre.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 10. November 1905.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 10. November 1905.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.